

Arctic Smolt hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík, 23. ágúst 2019
UST201901-286/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 19.06. 2019, hjá Arctic Smolt.

Þann 19. júní sl. fór fram eftirlit í Arctic Smolt, Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn og tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Við útrás má ekki vera froða. Yfirfallsfrárennslí eftir tromlusíur frá húsi H1 fer ekki í settjörn heldur beint í fjöru og froða var greinileg við útrásina.
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Frárennslislögnum skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennslí úr settjörn og úr húsi H1 rennur út í fjöru.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. september, 2019.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



Dags eftirlits 19.6.2019

Ábyrgðarmaður eftirlits Hulda Soffía Jónasdóttir

Fyrirtæki Arctic Smolt

Eftirlitsmaður

Heimili Aðalstræti 20

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 700807-0450

Flokkur Fiskeldi

Fulltrúi fyrirtækis Sigurvin Hreiðarsson

ÍSAT nr.

Fulltrúi fyrirtækis Steinunn G. Einarssdóttir

Staðsetning

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftritið er varða hreinsun á frárennsli og frárennslislögn. Ein ábending er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð 550/2018. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn og tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Við útrás má ekki vera froða. Yfirfallsfrárennsli eftir tromlusíur frá húsi H1 fer ekki í settjörn heldur beint í fjöru og froða var greinileg við útrásina.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Frárennslislögnum skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennsli úr settjörn og úr húsi H1 rennur út í fjöru.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili brýnir fyrir rekstraraðila að það er á þeirra ábyrgð að ganga úr skugga um að hreinsunin vegna plastmengunar í fjörum sé ásættanleg.

ANNAÐ


Eva Dögg Jóhannesdóttir var einnig viðstödd eftirlitið.

Stofnunin minnir á að næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2019 og að fyrstu hreinsun settanka skal lokið fyrir 15. maí 2020.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.08.2019


Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Arctic Smolt hf.	Dags. eftirlits: 19.06.2019	Staðsetning stöðvar: Norður-Botni, Tálknafirði	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 600212-2570	Gildistími starfsleyfis: 10.01.2035	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Seiðaeldi, allt að 1000 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Flutt voru 189 tonn af seiðum úr stöðinni í kvíar. Lífmassaaukning ársins (með afföllum) var 232 tonn seiða. Stöðin annar tæpri 400 tonna framleiðslu í óbreyttri mynd.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýtt leyfi. Gamla var að 200 tonnum, nýja að 1000 tonnum.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar góðar
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Barst 12. apríl.
Grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Þar sem nýja leyfið var gefið út 2019 skal ekki skila grænu bókhaldi fyrir 2018 því ekki var skilaskylda í eldra leyfi.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Parfnaðist uppfærslu. Uppfært áhættumat barst 3.7.19
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Er neyðaráætlun til staðar?	X			Uppfærsla barst 5.7.19.
Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Rekstraraðila er bent á að uppfæra umhverfismarkmið, helst setja sér mælanleg markmið sbr. bækling um umhverfismarkmið.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Allt sjálfvirk og fóðurtölvur.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Útreiknuð losun í ársyfirliti er 8 kg P/framleitt tonn vegna ársins 2018. Sýni tekin 4.4.19 við hámarks lífmassa: Köfnunarefni 3 mg/L, fosfór 0,6 mg/L úr húsi H1 og 9,2 mg/L köfnunarefni og 1,1 mg/L fosfór úr húsi H3.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?		X		Frárennslí leit að mestu vel út. Þó sást froða við yfirfallsfrárennslí úr húsi H1 og meira var af fugli þar en við útrás frá H3. Frárennslislögn er ekki lögð nágu langt út.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.		X		H1 og H3. Tromlusíur í báðum húsum. Mikil endurnýting á vatni og frárennslí fer í gegnum tvær tromlusíur. Fastefni úr tromlusíum fer áfram í H4 og þaðan út í tanka við hlið settjarnar sem eru tæmdir. Yfirfallsfrárennslisvatnið frá tromlusíum í H3 rennur út í settjörn og þaðan út í sjó. Yfirfallsfrárennslisvatn frá tromlusíum í H1 rennur beint út í fjöruna.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtakinn er sjór. Sjá einnig hér fyrir ofan.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X	Engar mælingar hafa farið fram á viðtaka.	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X		Dauðfiskur er sóttur 2x í viku. Saltpokar, plast og pappi eru sótt af Gámaþjónustu og fara í flokkun.	
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X		Niðurstöðum mælinga var skilað 12.4.19	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		X	COD og svifagnir voru mældar við hámarksþifmassa 4.4.19. H1: COD 298 mg/L og svifagnir 15 mg/L. H3: COD 497 mg/L og svifagnir 20 mg/L	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X		Fyrir árslok 2019 skv. starfsleyfi. Sýni ehf.	

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er vörðuðu frágang á svæðinu og umgengni við olíutank á vinnusvæði. Eitt frávik kom fram er varðaði hreinsun á frárennsli frá húsi nr. 1.

Samantekt:	Nýtt starfsleyfi sem heimilar framleiðslu allt að 1000 tonnum laxaseiða á ári var gefið út í janúar 2019. Stöðin er ný og enn eru ummerki um framkvæmdir á svæðinu. Eldisbúnaður er nýr og allt lítur mjög vel út innanhús. Vatnsnotkun er einungis um 80-85 L/s og mikil endurnýting á vatni. Tvö hús eru með eldi í, H1 og H3, í H4 er svo meðhöndlun frárennslisúrgangs úr tromlusíum H1 og H3 áður en hann rennur út í settanka. Yfirfallsfrárennsli frá tromlusíum H3 er í settjörn en frá H1 er beint í sjóinn. Frárennslislögn nær ekki nógu langt út skv. reglugerð. Klak og startfóðrun eru í H3 og seiðum er dælt í H1 þar sem þau eru alinn til útsetningar.
Annað:	Skv. rekstraraðila hafa fjörur verið gengnar vegna plastmengunar sem talað var um eftirlitsskýrslu ársins 2018. Eftirlitsaðili brýnir fyrir rekstraraðila að það er á þeirra ábyrgð að ganga úr skugga um að hreinsunin sé ásættanleg.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir